

Umhverfis– og loftslagsstefna

Framtíðarsýn

Skipulagsstofnun er til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi stofnunarinnar og hvetja til aðgerða í loftslagsmálum við framkvæmd skipulagsmála og umhverfismats. Skipulagsstofnun leggur sitt af mörkum til að markmiðum um loftslagsmál í lögum og stefnu stjórnvalda sé náð og tekur virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Markmið

Árið 2030 hefur Skipulagsstofnun dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri stofnunarinnar um 40% miðað við árið 2018. Stofnunin stefnir jafnframt að kolefnishlutlausri starfsemi með því að kolefnisjafna losun.

Umfang

Umhverfis- og loftslagsstefnan tekur til umhverfisáhrifa af rekstri stofnunarinnar auk áherslna í starfi hennar að skipulagsmálum og umhverfismati í samræmi við áherslur laga, reglugerða og stefnu stjórnvalda.

Áherslur

Rekstur

Við insetjum okkur að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og úrgangi. Bein losun sem fellur til vegna rekstrar stofnunarinnar er kolefnisjöfnuð.

Við höldum myndun úrgangs í lágmarki. Við vinnum jafnt og þétt að minni pappírnotkun og að plastnotkun sé í lágmarki. Sá úrgangur sem til fellur er flokkaður í viðeigandi úrgangsflokka.

Við viljum fjölga í hópi starfsfólks sem notar vistvæna ferðamáta til og frá vinnu og nýtir sér samgöngusamning. Starfsfólki býðst rafhjól fyrir styttri ferðir. Skipulagsstofnun hvetur til skjáfunda til að draga úr flug- og ökuferðum.

Við innkaup tökum við mið af stefnu ríkisins um vistvæn innkaup. Umhverfismerktar vörur og þjónusta eru valdar umfram aðrar.

Stjórnsýsla

Í ráðgjöf og afgreiðslum um skipulagsgerð og umhverfismat leggjum við áherslu á loftslagsmiðað skipulag, gott byggt umhverfi og ábyrga nýtingu lands og að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða og dregið úr neikvæðum áhrifum.

Við leggjum áherslu á að skipulag og umhverfismat byggi á virku samráði þar sem ólíkar raddir og sjónarmið fá rými.

Við vinnum að þróun rafrænnar stjórnsýslu við skipulagsgerð og umhverfismat.

Stefnumótun

Við mótun landsskipulagsstefnu og strandsvæðisskipulags leggjum við áherslu á loftslagsmiðað skipulag, vandað byggt umhverfi, lífsgæði, langtímasýn og virðingu fyrir náttúru og samfélagi.

Við leggjum áherslu á að landsskipulagsstefna og strandsvæðisskipulag byggi á virku samráði þar sem ólíkar raddir og sjónarmið fá rými.

Miðlun

Við miðlun upplýsinga og fagþekkingar leggjum við áherslu á aðferðir og faglega nálgun sem miðar að skilvirku samráði við skipulagsgerð og umhverfismat, vönduðu byggðu umhverfi, ábyrgri nýtingu lands og að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða.

Við kappkostum að hafa viðburði og útgáfu efnis á okkar vegum með vistvænum hætti og hvetjum þátttakendur til þess að nýta sér vistvæna ferðamáta á viðburði á vegum stofnunarinnar.

Við leggjum áherslu á rafræna miðlun fyrir viðskiptavinum og almenning.

Við höldum grænt bókhald og birtum lykiltölur sem snúa að grænum rekstri.

Framfylgd

Við gerum aðgerðaáætlun til þriggja ára um framfylgd umhverfis- og loftslagsstefnunnar.

Við framfylgd stefnunnar fylgjumst við með:

- Losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugferða starfsfólks innanlands
- Losun gróðurhúsalofttegunda vegna flugferða starfsfólks erlendis
- Losun gróðurhúsalofttegunda vegna aksturs á bílaleigu- og leigubílum
- Fjölda starfsfólks með samgöngusamninga
- Rafmagnsnotkun
- Úrgangi sem fellur til
- Innkaupum og pappírnotkun
- Fræðslu um umhverfismál

Umhverfis- og loftslagsstefnan er rýnd reglulega og árangur mældur.

Skipulagsstofnun skilar árlega grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar.

Samþykkt í október 2021